

Börkur Sigurbjörnsson

Matti Bergs

örsaga



Urban Volcano

Matti Bergs

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölríttun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Matti Bergs

„Hvernig fannst þér hún?“ spurði vinnufélaginn þegar ég rétti honum skáldsöguna sem ég hafði fengið lánaða hjá honum.

„Bara mjög góð,“ svaraði ég og var ekkert að ýkja. Mér hafði fundist bókin þrælgóð.

„Var það ekki!“

„Jú, mér fannst persónusköpunin einstaklega vel heppnuð. Þær voru eitthvað svo lifandi—persónurnar. Svo trúverðulegar. Eins og maður þekkti þær raunverulega.“

„Já, einmitt. Það fannst mér líka.“

„Sérstaklega þótti mér Matti Bergs karakterinn eitthvað svo lifandi og sannfærandi.“

„Matti Bergs?“

„Já, félagsfræðingurinn.“

Vinnufélaginn hváði.

„Framagosinn,“ hélt ég áfram. „Gaurinn sem þótti svo efnilegur og góður en var svo bara hrokafullur, innantómur og sjálfelskandi hálfviti.“

„Já, hann. Þú meinar Óli Jóns?“

„Óli Jóns? Hét hann það?“

„Já, hiklaust,“ sagði vinnufélaginn, viss í sinni sök. „Hvernig gastu mislesið nafnið svona rækilega?“

„Ekki hugmynd,“ svaraði ég, yppti öxlum, leit annars hugar út um gluggann og sá fyrir mér glottandi andlit Mattíasar Bergsteinssonar. Matta Bergs, sem hafði svo oft gert tilraunir til að niðurlægja mig í menntaskóla allnokkrum áratugum áður. Reynt að fá mitt ágæti dregið í efa. Reynt að hefja upp sín verk með því að kasta rýrð á mín.

Þarna sá ég hann ljóslifandi fyrir mér. Ég sem hafði næstum gleymt hans tilvist.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano